



Reykjavík, 27. apríl 2021
PON21040025

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja útboðsferli á tölvubúnaði fyrir endanotendur í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja útboðsferli sem er á áætlun nýrra upplýsingakerfa og upplýsingatækniþjónustu um kaup á tölvubúnaði fyrir endanotendur í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir / U-Bunadark og U-Groska.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Friðþjófur Bergmann,
skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 27. apríl 2021

ÞON21040025

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Friðþjófur Bergmann, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar

Efni: Heimild til að hefja útboð á tölvubúnaði fyrir endanotendur í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja útboðsferli sem er á áætlun nýrra upplýsingakerfa og upplýsingatækniþjónustu um kaup á tölvubúnaði fyrir endanotendur í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir / U-Bunadark og U-Groska. Áætlaður framkvæmdartími verkefnisins er maí 2021 t/m desember 2023.

Forsaga:

Um árabíl hefur Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar (UTR) og forverar hennar sinnt innkaupum á endabúnaði fyrir notendur enda hefur UTR haft milligöngu um útvegum og leigu tölvubúnaðar til starfseininga borgarinnar. Innkaupin hafa hingað til farið fram með fjölda útboða á ári sem hefur haft í för með sér flókna að eignaumsýslu og útstöðvarekstur. Form innkaupa hefur falið í sér að UTR hefur fengið búnaðinn afhentan og haldið lager með töluverðum tilkostnaði við geymslu, uppsetningu, afhendingu sem og umsýslu, móttöku og förgun eldri búnaðar.

Greinargerð:

Að þessu sinni er fyrirhugað að bjóða út það magn af búnaði sem áætlaður er til næstu þriggja ára. Samið verður um virðisaukandi þjónustur sbr. að seljandi afhendi pantanir beint til notenda, að seljandi komi á fót og viðhaldi uppsetningu (*e. image*) og sæki og skili búnaði sem þarfnast viðgerða á notkunarstað á ábyrgðartíma.

Ofangreint fyrirkomulag tíðkast hjá stofnunum með dreifða starfsemi sbr. Landspítalanum háskólasjúkrahúsi (LSH) og miðar að því að draga úr fjárbindingu í birgðum, kostnaði við geymslu, akstur og umsýslu og nýta til fulls þá innviði og þekkingu sem seljendur geta boðið.



Áhrif Covid á aðfangakeðjur tölvuframleiðenda hafa verið miklar og hefur framleiðslugeta dregist mikið saman á sama tíma og eftirspurn hefur aukist gríðarlega. Skortur á tölvubúnaði er því raunveruleg ógn við þá stafrænu umbreytingu sem fyrirhuguð er hjá borginni næstu misserin. Með samningi við einn aðila um útvegum búnaðar til þriggja ára tryggir UTR afhendingaöryggi búnaðar og stuðlar þannig að samfelli í stafrænni umbreytingu.

Til viðbótar skapast aukin tækifæri á samlegð og stærðarhagkvæmni við að búnaður í tölvuumhverfinu sé einsleitari (*e. uniform*). Útvegum og umsýsla á auka- og jaðarbúnaði sbr. straumbreytum, tengikvím verður auðveldari og áreiðanlegri.

Stefnt er að því að Reykjavíkurborg innleiði nýjan samning um búnaðarkaup sem skrifstofa upplýsingatækniþjónustu mun framkvæma og viðhalda og nota í sinni starfsemi. Vinnu við að greina kröfur er lokið og því er óskað eftir heimild til að hefja formlegt innkaupaferli og fara í útboð.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 2.100 milljónir en þar af 1.800 milljónir greiddar af eignasjóði. Felst kostnaðurinn meðal annars í undirbúningsferli fyrir innkaup, þar á meðal gerð þarfagreiningar og útboðsgagna, framkvæmd útboðs, innleiðingu verklags og kerfis. Samningstími er áætlaður 3 ár með möguleika á framlengingu í tvisvar sinnum 12 mánuði í senn, samtals 5 ár. Áætlað er að kostnaður greiddur af eignasjóði vegna ársins 2021 nemi um 1.000 milljónir sbr. samþykki borgarráðs þann 26. mars s.l. um heimild Þjónustu- og nýsköpunarsviðs að hefja verkefnaklasa í tengslum við stafrænar umbreytingar.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Heildarkostnaður verkefnis: 2.100 milljónir

Þar af eignasjóður: 1.800 milljónir

Kostnaðarstaðir: 2101 Áhöld, tæki og búnaður: stafræn umbreyting – notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir / U-Bunadark og U-Groska.

Virðingarfyllst,

Friðbjófur Bergmann,

skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar